

Reykjavík, 14. júní 2013

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, (flýtimeðferð), 2. mál.

SFF leggja ríka áherslu á mikilvægi þess að flýta úrlausn álitamála í dómkerfinu sem risið hafa í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um gengistryggð lán. Fjöldmörg álitæfni eru enn uppi sem nauðsynlegt er að leita niðurstöðu um hjá dómstólum og er því brýnt fyrir alla aðila sem hlut eiga að máli, hvort sem það eru fjármálafyrirtæki eða viðskiptavinir þeirra, einstaklingar eða lögaðilar, að fá skjóta úrlausn í sínum málum. SFF fagna því framkomnu frumvarpi, eins og samtökin hafa gert áður sbr. umsögn samtakanna, dags. 6. júní 2012 um 320. mál.

Virðingarfyllst,



Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.